



ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR

Skipulags- og matslýsing

24. mars 2019



ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR 2008-2020

Skipulags- og matslýsing

Mars 2019

Skipulagslýsing

Skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
Yfirlit yfir myndir	iii
Yfirlit yfir töflur	iii
1 Inngangur	1
1.1 Aðalskipulag.....	1
1.2 Viðfangsefni.....	2
1.3 Umhverfismat.....	3
1.4 Skipulagsferli	3
1.5 Verkefnisstjórn	4
2 Bolungarvík – staða og gildandi stefna.....	5
2.1 Náttúra	5
2.1.1 Náttúruminjar.....	5
2.1.2 Takmarkandi umhverfispættir.....	5
2.2 Samfélag og byggð.....	6
2.2.1 Þróun byggðar	6
2.2.2 Íbúar	6
2.2.3 Menningarminjar.....	7
2.3 Nýting og atvinnuhættir	7
2.4 Innviðir.....	8
3 Viðfangsefni og áherslur	9
4 Tengsl við aðrar áætlanir.....	12
4.1 Stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum	12
4.2 Landsskipulagsstefna.....	12
4.3 Aðrar áætlanir og stefnumótanir stjórnvalda	12
5 Umhverfismat aðalskipulagsins	16
5.1 Matsskylda áætlunarinnar.....	16
5.2 Umhverfispættir og áhrifavaldar.....	16
5.3 Stefnukostir	19
5.4 Gögn, aðferðir og framsetning	19

6 Kynning og samvinna.....	20
6.1 Lögbundin kynning	20
6.2 Samvinna við íbúa og aðra hagsmunaaðila	21
6.2.1 Skipulagshópur	22
7 Skipulagsferlið.....	23
7.1 Tímaáætlun verkefnis.....	24
7.2 Umsagnaraðilar	25

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.1	Bolungarvík. Þéttbýlisuppdráttur gildandi aðalskipulags.	1
Mynd 1.2	Skipulagsferlið og helstu verkáfangar.....	3
Mynd 1.3	Þátttakendur í skipulagsvinnunni. Error! Bookmark not defined.	
Mynd 3.1	Undirstöðupættir sjálfbærrar þróunar.	9
Mynd 3.2	Viðfangsefni aðalskipulagsins.	11
Mynd 5.1	Skýringar á einkunnum sem sýndar eru í matstöflum.	19
Mynd 6.1	Áætlaðar tímasetningar kynninga.....	20
Mynd 6.2	Skipulagshópur samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga, íbúa, félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila. Á bak við hvern fulltrúa stendur hópur með sameiginlega hagsmuni.....	22
Mynd 7.1	Helstu verkþættir við gerð aðalskipulags Bolungarvíkur.	23
Mynd 7.2	Helstu verkþættir og tímaáætlun í aðalskipulagsvinnunni.	24

Yfirlit yfir töflur


Tafla 3.1	Líklegar breytingar á einstökum þáttum gildandi aðalskipulags.	10
Tafla 4.1	Helstu áætlanir og önnur samþykkt skjöl sem hafa stefnumótandi áhrif og höfð verða til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.....	14
Tafla 5.1	Helstu umhverfisþættir og dæmi um undirþætti ásamt helstu viðmiðunarskjölum og vísunum sem notast verður við í umhverfismatinu. Einstök viðmið verða skilgreind í umhverfismatinu.	18

1 Inngangur

1.1 Aðalskipulag

Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur 2. maí 2011 og hefur ekki verið breytt síðan. Teiknistofan Eik vann gildandi aðalskipulag en árið 2016 sameinaðist Teiknistofan Verkís. Bolungarvíkurkaupstaður samdi við Verkís verkfræðistofu um ráðgjöf við heildarendurskoðun á aðalskipulaginu og hóst undirbúningsvinna verkefnisins fyrri hluta árs 2018. Í lok árs 2018 og í upphafi árs 2019 fjallaði umhverfismálaráð Bolungarvíkur um viðfangsefni og áherslur heildarendurskoðunar aðalskipulagsins og lagði þar með grunninn að lýsingu þessari. Nánar er fjallað um það í kafla 1.2.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag sem stýrir því hvar og hvernig við búum og störfum. Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Þar ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig settum markmiðum skal náð. Aðalskipulagi er ætlað að leiða okkur í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórnæki sem nýtist beint við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands.



Mynd 1.1 Bolungarvík. Þéttbýlisuppráttur gildandi aðalskipulags.

Hvað er Aðalskipulag?

Aðalskipulag er **skipulagsáætlun** fyrir eitt sveitarfélag sem stýrir því hvar og hvernig við búum og störfum.

Í aðalskipulagi kemur fram **stefna** sveitarstjórnar um **landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi** og umhverfismál í sveitarfélaginu. Þar ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um **fram tíðarnotkun** lands og **fyrirkomulag** byggðar.

Aðalskipulag markar stefnu til **a.m.k. tólf ára** og gerir grein fyrir **samhengi** skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímapróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulag er sett fram í **skipulagsgreinargerð** og á **skipulagsupprætti** og eftir atvikum á **þemauppráttum**.

Sjá nánar á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

1.2 Viðfangsefni

Heildarendurskoðun felur annars vegar í sér uppfærslu á grunnupplýsingum sem settar eru fram í aðalskipulaginu og hins vegar á stefnu skipulagsins. Árið 2010 tóku gildi ný skipulagslög þar sem m.a. eru breyttar skilgreiningar á landnotkun og landnotkunarflokkum. Því þarf að skoða hvern landnotkunarflokk og samræma gildandi skipulag við hið nýja kerfi með tilheyrandi breytingum á greinargerð og uppráttum.

Í sumum tilvikum kalla breyttar forsendur eða aðstæður á stefnubreytingu. Dæmi um þetta eru breytingar í þeim hluta er fjallar um atvinnumál, svo sem ferðaþjónustu og fiskeldi. Í öðrum tilvikum er ekki þörf fyrir stefnubreytingu, jafnvel þó svo að grunnupplýsingar hafi breyst. Samkvæmt skipulagslögum þarf að meta samræmi aðalskipulags við Landsskipulagsstefnu. Fjallað er um áherslur bæjarstjórnar í skipulagsvinnunni í kafla 3.

Hvað er skipulagslýsing og hvaða erindi á hún við mig?

Í upphafi vinnu að aðalskipulagi tekur skipulagsnefnd sveitarfélagsins saman lýsingu fyrir aðalskipulagsverkefnið þar sem **gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar** og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er síðan samþykkt í sveitarstjórn.

Lýsingin er kynnt opinberlega og almenningur fær rödd í skipulagsvinnunni. Samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að **íbúar** og aðrir **hagsmunaaðilar**, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, **fái tækifæri til að kynna sér hugmyndir** að nýju aðalskipulagi strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri **athugasemdum** og **ábendingum** um **nálgun** við áætlunargerðina, **viðfangsefni** hennar og **helstu forsendur**.


Allar þær ábendingar sem berast við lýsingu þessa verða þannig **nýttar til að skilgreina verkefnið og ferli þess** nánar, en einnig við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar. Þannig aukast líkur á því að skipulagstillagan byggji á sem breiðustum grunni og taki á þáttum sem mikilvægir eru og snerta framtíðarþróun í sveitarfélaginu.

1.3 Umhverfismat

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð umhverfismati áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa mats.

1.4 Skipulagsferli

Fyrsta skref skipulagsvinnunnar er gerð þessarar skipulags- og matslýsingar. Hún er kynnt almenningi og send umsagnaraðilum til yfirferðar. Á sama tíma og í kjölfarið fer fram samantekt gagna og greiningarvinna. Áætlað er að fyrstu drög að skipulagstillögunni verði síðla hausts 2019. Þegar bæjarstjórn og Skipulagsstofnun hafa samþykkt skipulagstillöguna og umhverfismat hennar verða afurðirnar auglýstar og gefst þá almenningi, hagsmunaaðilum, nærliggjandi sveitarfélögum og fagstofnunum kostur á að gera athugasemdir við þær. Áætlað er að skipulagið verði staðfest sumarið 2020.



Mynd 1.2 Skipulagsferlið og helstu verkáfangar.

1.5 Verkefnisstjórn

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði bæjarstjórnar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Bolungarvík samdi í mars 2018 við Verkís um ráðgjöf vegna skipulagsvinnunnar. Teiknistofan Eik vann gildandi aðalskipulag á árunum 2006-2010 en Teiknistofan sameinaðist Verkís árið 2016.

Umhverfismálaráð, bæjarstjóri, skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafar koma með beinum hætti að aðalskipulagsvinnunni. Bæjarstjóri, skipulagsfulltrúi og verkefnisstjóri ráðgjafa mynda verkefnisstjórn og halda utan um vinnuna. Bæjarstjórn og umhverfismálaráð fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til. Aðrar nefndir sveitarfélagsins munu vinna að öflun gagna og mótun stefnu og þannig vera virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Rík áhersla verður lögð á aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Leitað verður álags sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar. Nánar er fjallað um kynningu og samvinnu í kafla 6.



Mynd 1.3 Þátttakendur í skipulagsvinnunni.

2 Bolungarvík – staða og gildandi stefna

2.1 Náttúra

Sveitarfélagið Bolungarvíkurkaupstaður er nyrst við sunnanvert Ísafjarðardjúp og nær frá Arafjalli að Öskubak. Þéttbýlið stendur við grunna vík, Bolungarvík, sem opin er til norðausturs og afmörkuð háum hamrafjöllum er nefnast Traðarhyrna og Óshyrna. Í Óshyrnu er standklettur, nefndur Þuríður og kenndur við Þuríði Sundafylli landnámskonu. Inn af vikinni ganga tveir dalir, Tungudalur og Syðridalur og á milli þeirra er fjallsmúlinn Ernir. Tunguhorn er fyrir miðjum Tungudal, og klýfur hann í tvo hluta, Hlíðardal að norðan en Tungudalur liggur áfram sunnan Tunguhorns. Eftir Tungudal rennur Hólsá, kennd við Hól, sem er fornt höfuðból í Bolungarvík. Syðridalur er nokkuð breiður og í mynni hans er Bolungarvíkursandur, í daglegu tali kallaður Sandurinn. Inn af sandinum er Syðridalsvatn og rennur Ósá úr því til sjávar. Upp frá ströndinni í Bolungarvík er nokkurt undirlendi, þar sem þorpið stendur og hinn forni bær Hóll.

Stutt er í gjöful fiskimið frá Bolungarvík enda var þarna fyrir á tímum stærsta veiðistöð við Ísafjarðardjúp. Fyrir opnu hafi til norðvesturs liggur Skálavík og þangað liggur vegur um Hlíðardal. Í Skálavík var fyrrum búið en nú er byggð þar aflögð.

2.1.1 Náttúruminjar

Innan skipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjaskrá, Gil í Syðridal. Þar er að finna surtarbrand frá Tertíer við Gilsá upp af Syðridal.

Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölgar. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður. Í gildandi aðalskipulagi er bent á að óspillt

¹ Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daniélsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann

náttúra hefur margvísleg gildi, m.a., fagurfræðilegt, siðferðilegt, menningarlegt, hagrænt, vistfræðilegt, sálrænt og vísindalegt en einnig útivistar- og fræðslugildi. Óspillt náttúra er þannig forsenda margvíslegra grunngæða og mannlífs sem erfitt getur verið að meta hagrænt. Þessa þætti þarf að skoða og greina í skipulagsvinnunni, m.a. í tengslum við þróun atvinnuvega sem hafa áhrif á umhverfið, svo sem ferðaþjónustu, iðnað og fiskeldi.

2.1.2 Takmarkandi umhverfispættir

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárviðri. Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Ytri öflin hafa á hinn bóginn sett mark sitt á nýtingu og menningu svæðisins, einkum ofanflóð, flóð frá sjó og fárviðri.

Loftslagmál eru mun meira í umræðunni nú en þegar gildandi aðalskipulag var samþykkt fyrir um níu árum síðan. Líklegt er talið að fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuáttvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað.¹ Nú er í auknum mæli litið til möguleika sveitarfélaga til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga sem og aðlögunar vegna þeirra.

Í september 2018 kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030. Þar eru sett markmiðið þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040.

Sigurjónsson, Snorri Baldursson, S. Þ. & T. J. (2008). *Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi - Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Reykjavík.

Í október 2018 kom út skýrsla loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna.² Þar kemur fram að það stefni í umtalsvert meiri hlýnun en markmiðin í Parísarsamkomulaginu gera ráð fyrir. Í skýrslunni kemur fram að fara verði í hraðar, víðtækar og fordæmislausar breytingar á öllum hliðum samfélaga okkar, eigi markmið um ekki meiri en 1,5° hlýnun að nást.

Ölduálag er mikið við strönd Bolungarvíkur og hefur verið gerð sjónvörn norðan við Brjótinn. Ekki hefur verið gerð heildarúttekt eða hættumat vegna sjávarrofs og ágangs sjávar á mannvirki í sveitarfélaginu en búast má við að hækkandi sjávarstaða muni auka enn á þetta vandamál ef ekkert verður að gert. Skoða þarf gögn um sjávarrof, ágang sjávar, flóðahættu, ölduálag og áhrif á mannvirki.

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við *ofanflóðahættumat*. Hættumat fyrir Bolungarvík var staðfest árið 2003 en til stendur hjá Veðurstofu Íslands að uppfæra það m.t.t. varnarvirkja sem byggð hafa verið ofan byggðar. Skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum, nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða sé ásættanleg.

Samkvæmt gildandi ofanflóðahættumati er nær allur innri hluti byggðarinnar, og svæðið næst Traðarhyrnu er utar dregur, á hættusvæði. Nær vikinni ógna snjóflóð ekki byggð. Nokkur hætta er á aurskriðum og grjóthruni úr hlíðum ofan byggðar. Mannvirki Orkuhús Vestfjarða og hesthúsin undir Erni eru á hættusvæði C og þar hafa snjóflóð margsinnis fallið að húsum og stundum valdið tjóni. Í dreifbýli hefur aðeins verið gert staðbundið hættumat á nokkrum stöðum.

² IPCC, 2008. *Summary for Policymakers of IPCC Special Report on Global Warming of 1.5°C Approved by Governments*. Fréttatilkynning 2018/24/PR.

Vatnsverndarsvæði við Bolungarvík hafa verið kortlögð og eru þau tilgreind í gildandi aðalskipulagi.

2.2 Samfélag og byggð

2.2.1 Þróun byggðar

Bolungarvík hlaut kaupstaðarréttindi árið 1974. Sveitarfélagið nær yfir það svæði sem fram að því var Hólshreppur, en Hóll var mesta jörð í Bolungarvík á fyrri öldum, höfuðból og kirkjustaður. Útræði munu menn hafa stundað í Bolungarvík frá elstu tímum, enda stutt að sækja á fengsæl mið, og hefur helsta atvinna íbúanna löngum verið sjósókn og margvísleg fiskvinnsla. Upphaf þéttbýlisins má rekja til verbúða sem voru reistar á svokölluðum Bolungarvíkurmölum eða Mólum. Byggðin leitaði smám saman upp í brekkurnar og túnin, bæði vegna þess að útvegurinn þurfti ákveðið svæði fyrir sína starfsemi, en einnig vegna þess að ókostur þótti að íbúðarhús væru svo nálægt rakanum og briminu.

2.2.2 Íbúar

Margvíslegar upplýsingar um íbúa hreppsins, m.a. fjölda og samsetningu, er að finna í gagnagrunni Hagstofu Íslands. Samkvæmt grunninum þjuggu 953 í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2019 en í upphafi skipulagstímabilsins þjuggu 908 í sveitarfélaginu (1. janúar 2008). Tuttugu árum áður, í janúar 1998, voru íbúar hreppsins 1093. Frá árinu 1998 hefur íbúafjöldinn farið lægst niður í 888 árið 2011.

Sé litið lengra aftur í tímann kemur í ljós að Vestfirðingar voru tæp 15% af mannfjölda landsins árið 1915 en árið 2015 var þetta hlutfall komið niður í

2%. Straumur fólks á 20. öldinni og fyrstu árum þeirrar 21. hefur sýnilega legið frá landsbyggðinni og á suðvesturhornið.

Uppfæra þarf upplýsingar úr gildandi aðalskipulagi um samsetningu íbúa og fjölskyldugerð í endurskoðuðu aðalskipulagi.

2.2.3 Menningarminjar

Fornar bæjarrústir á Vatnsnesi við Syðridalsvatn, sem taldar eru frá landnámsbæ þuríðar sundafyllis, eru friðlýstar skv. friðlýsingarskrá. Í Skálavík er skráður fjöldi verminja en engar þeirra eru friðaðar sérstaklega.

Fjöldi verbúða og vara var einnig í Bolungarvík en þær hafa vikið fyrir þéttbýlinu. Í Ósvör, þar sem þrautarlending Bolvíkinga var í upphafi tuttugustu aldar, hefur verið sett upp minjasafn. Í Skálavík í landi Minni-Bakka eru óraskaðar minjar verstöðvar, en slíkt er sjaldgæft hér á landi.

Hólskirkja, sem var byggð 1908, er eina friðaða byggingin í sveitarfélaginu.

Í Bolungarvík eru 29 uppistandandi byggingar sem eru byggðar fyrir 1921. Þessar byggingar verða því allar eldri en 100 ára á gildistíma núverandi aðalskipulags og munu því teljast til fornleifa.

2.3 Nýting og atvinnuhættir

Í gildandi aðalskipulagi er fjallað um samdrátt í frumatvinnugreinum á árunum 1990-2010, einkum sjávarútvegi, einhæfni atvinnulífs og lítið framboð á störfum fyrri menntað fólki. Í þessu samhengi er einnig fjallað um nauðsynlega uppbyggingu innviða til eflingar atvinnulífsins. Gildandi skipulagi er ætlað að leggja grunn að fjölbreyttri starfsemi með því að:

- Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu.

- Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar.
- Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu.

Jafnframt er lögð áhersla á að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun sem og að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar.

Á gildistíma aðalskipulagsins hafa orðið nokkrar breytingar í atvinnulífi á svæðinu. Ferðaþjónusta hefur vaxið á Vestfjörðum, líkt og almennt annars staðar á landinu og lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu hennar í sveitarfélaginu.

Framleiðsla í sjávarútvegi dróst almennt töluvert saman eftir bankahrunið 2008 en hefur náð betra jafnvægi eftir það. Uppbygging í fiskeldi á skipulagstímabilinu hefur einnig haft talsverð áhrif á atvinnulíf og íbúáþróun á Vestfjörðum.

Afla þarf gagna um fjölda starfa innan sveitarfélagsins, atvinnuþátttöku íbúa og skiptingu á milli atvinnugreina.

Marka þarf stefnu, í samvinnu og sátt við atvinnulífið, sem tryggir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styrkir þannig þróunarmöguleika atvinnulífsins. Uppbygging innviða, skýr stefna yfirvalda og öflug samfélagsvitund eru grundvallarforsendur fyrir þessu.

2.4 Innviðir

Traust grunngerð er forsenda fyrir jákvæðri atvinnuþróun á svæðinu, líkt og fjallað er um í gildandi aðalskipulagi. Í skipulaginu kemur fram að samgöngur og fjarskipti á svæðinu hafi ekki staðist samanburð við mörg önnur landsvæði. Þetta hafi haft neikvæð áhrif á atvinnulífið vegna hás flutningskostnaðar fyrir framleiðslu- og þjónustugreinar og verra afhendingaröryggis afurða í framleiðslugreinum. Auk þess er bent á að ferðaþjónustan hafi mátt líða fyrir ímynd lélegs vegakerfis á Vestfjörðum.

Ýmsar úrbætur hafa verið gerðar á skipulagstímabilinu í samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Bolungarvíkurgöng voru tekin í notkun árið 2010 og hafa þau breytt samgöngum í sveitarfélaginu verulega. Ný varaafsstöð Landsnets og tengivirki Landsnets og Orkubús Vestfjarða voru tekin í notkun árið 2015 ásamt snjallnetskerfi fyrir Vestfirði. Þessar breytingar styrktu raforkukerfið á svæðinu verulega og juku afhendingaröryggi raforku. Fjallað verður um þörf fyrir frekari innviðuppbyggingu og áætlanir hins opinbera m.t.t. hennar í aðalskipulaginu.

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að gera skuli úttekt á fráveitumálum í dreifbýlinu og í framhaldinu áætlun um fyrirkomulag rotþróa. Skoða þarf stöðu fráveitumála í aðalskipulagsvinnunni og taka ákvarðanir um þau.

Í gildandi aðalskipulagi segir að hætta skuli urðun og efnisvinnslu á skipulagstímabilinu í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Vinna við svæðisáætlunina er ekki hafin og því hefur lokun urðunarstaðarins verið frestað þar til heildarendurskoðun aðalskipulagsins hefur farið fram. Samhliða þessu þarf að móta stefnu um tilhögun sorpmála í víðara samhengi. Sorpbrennslu í Funa í Skutulsfirði var hætt í lok árs 2010, þ.e. í upphafi gildistíma aðalskipulagsins. Eftir að Funa var lokað hefur allt heimilissorp verið flutt í Fíflholt á Mýrum. Flokkun úrgangs hefur aukist til muna eftir lokunina.

3 Viðfangsefni og áherslur

Í aðalskipulagsvinnunni verður leitast við að marka skýra stefnu í náinni samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Sambærilegar áherslur voru viðhafðar í vinnu við gildandi aðalskipulag og því hvílir sú sýn sem þar er sett fram á traustum grunni.


Skýr stefna sveitarfélagsins getur haft afgerandi áhrif á val fyrirtækja um uppbyggingu og veitt mikilvægt öryggi fyrir fjárfesta. Skýr stefna er einnig mikilvæg fyrir íbúa sem velja sér búsetu og vilja geta treyst á að ákveðnum gæðum verði viðhaldið.

Virk aðkoma íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni stuðlar að markvissari upplýsingaöflun og auðveldar greiningu á vandamálum og tækifærum og þar með mótun stefnu um viðfangsefni aðalskipulagsins. Viðtæk þátttaka fyrrgreindra aðila er líkleg til að draga úr hagsmunaárekstrum og auka almennan skilning og stuðning við skipulagsáætlanina.

Sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar *án þess að skerða* möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið. Orðasambandið sjálfst er þýðing á enska orðasambandinu „*sustainable development*“.

Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur stöðum: *samfélagi*, *umhverfi* og *efnahag*. Hlutverki þessara stöða er best lýst þannig að sjálfbærni næst aðeins ef jafnvægi er á milli þeirra. Þróun getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þessum þremur sviðum.




Mynd 3.1 Undirstöðupættir sjálfbærrar þróunar.

Greint hefur verið í hvaða skipulagsþáttum megi búast við mestum breytingum á gildandi aðalskipulagi (mynd 3.2). Umhverfismálaráð Bolungarvíkur hefur fjallað um málefni aðalskipulagsins og bent á þá þætti sem mikilvægast er að endurskoða í aðalskipulaginu. Má þar m.a. nefna uppbyggingarmöguleika á hafnarsvæðinu og tengsl þess við ferðaþjónustu, færslu á hesthúsum og uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn á Bolafjalli. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á íbúðarsvæðum en í skipulagsvinnunni þarf að greina íbúðarþörfina á komandi skipulagsímabili. Mikilvægt er að nýtt ofanflóðahættumat, sem tekur tillit til varnarvirkja ofan Bolungarvíkur, liggi fyrir sem fyrst. Aðalskipulagið mun að grunni til byggja á meginmarkmiðum gildandi skipulags.

Tafla 3.1 Líklegar breytingar á einstökum þáttum gildandi aðalskipulags.

Þáttur	Grunnur	Stefna	Uppdrættir
Staðhættir	●	●	●
Náttúruvá	●	●	●
Lífríki og landslag	●	●	●
Vatn, loft og hljóð	●	●	●
Óbyggð svæði	●	●	●
Byggð	●	●	●
Atvinna (Ferðaþjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður o.fl.)	●	●	●
Félags- og velferðarmál	●	●	●
Útivist, opin svæði og íþróttir	●	●	●
Veitur og sorp	●	●	●
Samgöngur	●	●	●

Engin eða óveruleg breyting ●
 Takmörkuð breyting ●
 Umtalsverð breyting ●



Mynd 3.2 Viðfangsefni aðalskipulagsins.

Samkvæmt gr. 4.3.1. í skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi marka stefnu um eftirtalin málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun eftir því sem við á.

Málefni aðalskipulags

Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs

Landbúnaður

Opin svæði, útivist og íþróttir

Sjálfbær þróun

Stakar framkvæmdir

Veitur og fjarskipti

Vernd vatns, náttúru og menningarminja

Þéttbýli

Blöndun byggðar

Íbúar og íbúðir

Landsskipulagsstefna

Samgöngur, vegir og stígar

Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis

Varúðarsvæði og náttúruvá

Verndar- og orkunýtingaráætlun

Verslun og önnur þjónusta

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf þess að samræmi sé í stefnu Bolungarvíkur og stefnumótandi áætlunum ríkis og sveitarfélaga. Helstu stefnuskjöl eru tilgreind í töflu 4.1. en nánar er fjallað um lykil stefnuskjöl í köflum 4.1-4.3 hér að neðan.

4.1 Stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum

Ísafjarðarbær er eina sveitarfélagið sem er aðliggjandi Bolungarvíkurkaupstað. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar var unnið samhliða aðalskipulagi Bolungarvíkur á árunum 2006-2010 og áherslur í þessum skipulagsáætlunum eru líkar. Ekkert svæðisskipulag hefur verið unnið fyrir Vestfirði í heild en Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð hafa unnið svæðisskipulag í sameiningu. Þá hafa öll sveitarfélög sem eiga aðild að Fjórðungssambandi Vestfirðinga skoðað möguleika á að marka sameiginlega stefnu fyrir alla Vestfirði, t.d. með gerð svæðisskipulags, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins. Að lokum má nefna að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa unnið saman að sóknaráætlun Vestfjarða og einnig að fleiri stefnumótandi verkefnum undir stjórn Fjórðungssambandsins (sjá vestfirdir.is).

4.2 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Í henni eru settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða almannahagsmuni, byggðapróun

og landnotkun á landsvísu. Stefnunni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla þannig að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu lands.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur nú falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að breytingu á Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Vinna á nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingu með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Einnig á að yfirfara gildandi stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða og sérstaklega á að líta til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar í heild sinni.

4.3 Aðrar áætlanir og stefnumótanir stjórnvalda

Samgönguáætlun var samþykkt á Alþingi 5. febrúar 2019. Annars vegar er um að ræða stefnumarkandi samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og hins vegar aðgerðaáætlun fyrir fyrsta tímabilið, 2019–2023. Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna, eins og fjallað er um í kafla 2.4 um innviði hér að framan. Við gerð samgönguáætlunar 2019-2033 var unnið með þau meginmarkmið að samgöngur verði greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Þingsályktun um *stefnumótandi byggðaáætlun* fyrir árin 201-2024 var samþykkt í júní 2018. Meginmarkmið áætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem hafa búið við langvarandi fólksfækkun, einhæft atvinnulíf og atvinnuleysi.

Í *Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019* eru settar fram áherslur sveitarfélaga á Vestfjörðum, þ.e. framtíðarsýn og markmið, en þar er einnig að finna stöðumat fyrir svæðið. Þær taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun. Sveitarfélög njóta stuðnings ríkisins við gerð

sóknarætlunar. Sveitarfélög á Vestfjörðum, undir stjórn Vestfjarðastofu, undirbúa nú nýja sóknaráætlun fyrir tímabilið 2020-2024. Sóknarætlanir landshluta eru hluti af verkefninu Ísland 2020 sem stjórnvöld hrintu í framkvæmd í kjölfar bankahrunsins. Það felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfi og samfélagslega innviði.

Velferð til framtíðar er stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun. Stefnumótunin fjallar um heilbriggt og öruggt umhverfi, náttúruvernd, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Taka ber mið af stefnunni við gerð skipulagsins og umhverfismat þess eftir því sem við á. Stefnumótunin er komin til ára sinna en er þó byggð á traustum grunni.

Umhverfisráðherra skal á minnst fimm ára fresti láta vinna *náttúruverndaráætlun*. Gildandi náttúruverndaráætlun nær þó einungis til tímabilsins 2009-2013. Þar er ekki gert ráð fyrir friðlýsingu svæða í Bolungarvíkurkaupstað. Samkvæmt náttúruminjaskrá er Gil í Syðridal flokkað sem aðrar náttúruminjar (C hluti náttúruminjaskrár). Ysti hluti Stigahlíðar (fuglabjörg) er í B hluta náttúruminjaskrár, en þar eru minjar sem ákveðið hefur verið að setja friðlýsingu í forgang (natturuminjaskra.ni.is).

Tafla 4.1 Helstu áætlanir og önnur samþykkt skjöl sem hafa stefnumótandi áhrif og höfð verða til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.

Áætlanir og önnur stefnuskjöl

Á Vestfjörðum

- *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar (aðliggjandi sveitarfélag)*
- *Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.*
- *Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum 2007.*
- *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – Fyrstu skref, 2016.*
- *Umhverfisvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum. Framkvæmdaáætlun 2014-2019.*
- *Stefnumótun ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010-2015.*
- *Drög að stefnu Vestfirskra ferðamála til 2020.*
- *Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði. Nefnd um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (2016).*
- *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Markaðsstofa Vestfjarða (2018).*

Á landsvísu

- *Landsskipulagsstefna 2015-2026.*
- *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Forsætisráðuneytið, 2011.*
- *Samgönguáætlun 2019-2033.*
- *Náttúruverndaráætlun 2009-2013.*
- *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.*
- *Menningarstefna í mannvirkjagerð. Menntamálaráðuneytið, 2007.*
- *Stefna Íslenskra stjórnvalda um byggingarlist*
- *Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.*
- *Náttúruminjaskrá.*
- *Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum 2018-2030.*
- *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisaráðuneytið 2007.*
- *Velferð til framtíðar. sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.*
- *Byggðaáætlun 2018-2024.*
- *Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.*
- *Ferðamálaáætlun 2011-2020.*
- *Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.*

Áætlanir og önnur stefnuskjöl

- *Evrópski landslagssáttmálinn.*
- *Ramsarsamningur um votlendi.*
- *Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfissráðuneytið, 2008.*
- *Vegvísir í ferðaþjónustu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, 2015.*
- *Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar. Verkefnaskýrsla. Ferðamálastofa, 2015.*
- *Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, 2010.*
- *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*
 - *verkefnaáætlun 2018-2020*
 - *Stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára (2018-2029)*
- *Langtímaáætlun um námufrágang 2008-2018. Vegagerðin.*

5 Umhverfismat aðalskipulagsins

5.1 Matskylda áætlunarinnar

Endurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkur fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sökum þess að eftirfarandi þrír þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hún verður samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur og mun marka stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 í viðaukum 1 og 2.

Umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og *nýta niðurstöður* matsins til að *draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum* þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem *hluta af skipulagsáætlunum* sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

Hvað eru umhverfisþættir?

Umhverfisþættir eru *þættir í umhverfinu* sem skipulagsáætlunin getur *haft áhrif á*. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg.

Í lögum um umhverfismat áætlana er *umhverfi skilgreint sem*. Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.

5.2 Umhverfisþættir og áhrifavaldar

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í lögum um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006) er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“ Umhverfismatsvinnan er hluti af aðalskipulagsvinnunni og er unnin samhliða á öllum stigum. Fjallað er um kynningu, samvinnu og ferli umhverfismatsins í köflum 6 og 7.

Áhrifavaldar aðalskipulagsbreytingarinnar eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið (umhverfisþætti). Áhrifavaldarnir eru misjafnlega umfangsmiklir og tekur matið mið af því. Heildaráhrif aðalskipulagsins verða metin með samanburði við landsskipulagsstefnu og önnur stefnuskjöl sem fjalla um umhverfi og sjálfbæra þróun. Til viðbótar verða afmarkaðir hlutar stefnunnar metnir. Afmarkaðir hlutar geta átt við ákveðið landsvæði, málaflokk eða viðfangsefni, t.d. ákveðna framkvæmd.

Val umhverfisþáttanna byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur. Til að hægt sé að meta umfang og vægi áhrifa eru skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, skipulagsáætlunum og stefnuskjöllum stjórnvalda. Umhverfisvísar verða notaðir til að meta ástand umhverfisþáttanna. Í töflu 5.1 eru tilgreindir umhverfisþættir ásamt viðmiðunarskjölum og vísun vegna mats á áhrifum af heildarstefnu skipulagsins. Við mat á afmörkuðum þáttum aðalskipulagsins verður notast við sértækari viðmið og vísa eftir því sem tilefni er til. Ekki verður fjallað nánar um það hér en vísað er í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa frá árinu 2005.

Hvað eru umhverfisviðmið og -vísar?

Umhverfisviðmið er nokkurs konar **mælikvarði** fyrir umhverfi og sjálfbæra þróun.

Umhverfisviðmiðin eru þannig sá mælikvarði sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunarinnar eru **borin saman við**. Þegar metin eru áhrif áætlunar á tiltekna umhverfisþætti, er það gert með því að bera áhrifin saman við fyrir fram gefin **umhverfisviðmið** annars vegar og **grunnástand umhverfisins** hins vegar.

Þannig er hægt að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg á umhverfið.

Umhverfisvísir er mælikvarði á **ástand tiltekins umhverfisþátta**. Umhverfisvísar hjálpa til við að lýsa nánar viðkomandi umhverfisþætti. Umhverfisvísar benda á þau einkenni.

Tafla 5.1 Helstu umhverfispættir og dæmi um undirþætti ásamt helstu viðmiðunarskjölum og vísam sem notast verður við í umhverfismatinu. Einstök viðmið verða skilgreind í umhverfismatinu.

Umhverfispáttur	Viðmiðunarskjöl	Vísar
Félagslegir og hagrænir þættir <ul style="list-style-type: none"> ➤ Atvinnulíf ➤ Þjónusta ➤ Félags- og velferðarmál 	<ul style="list-style-type: none"> - Byggðaáætlanir - Efnahagsspár - Sóknaráætlun Vestfjarða - Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - Samanburður við önnur sveitarfélög - Fasteignamat - Stefnuskjöl um menntamál, menningarmál, félagsmál og heilbrigðismál - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 	<ul style="list-style-type: none"> - Staða atvinnulífs - Hagvöxtur - Fjölbreytni - Íbúafjöldi - Þróun fasteignaverðs - Eignarhald og nýting mannvirkja - Framboð og eftirspurn þjónustu - Aðgengi að þjónustu
Náttúrufarslegir þættir <ul style="list-style-type: none"> ➤ Eðlisrænir þættir ➤ Líffræðilegir þættir ➤ Landslag ➤ Náttúruminjar 	<ul style="list-style-type: none"> - Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 - Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030 - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Náttúruverndaráætlun - Náttúruminjakrá - Evrópski landslagsáttmálinn - Válistar: Plöntur, fuglar og önnur dýr - Ramsarsamningur um votlendi - Samningur um líffræðilega fjölbreytni - Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika. 	<ul style="list-style-type: none"> - Gróðurfar - Fuglalíf - Náttúruminjar - Fágæti landslags - Nýtingarsaga - Mengun - Röskun - Ásýnd
Öryggi og heilsa <ul style="list-style-type: none"> ➤ Ofanflóð ➤ Hávaði 	<ul style="list-style-type: none"> - Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - Reglugerð 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Reglugerð 724/2008 um hávaða 	<ul style="list-style-type: none"> - Áhætta vegna ofanflóða - Hljóðstig
Innviðir og aðgengi <ul style="list-style-type: none"> ➤ Samgöngur ➤ Veitur ➤ Útivist ➤ Menningarminjar 	<ul style="list-style-type: none"> - Samgönguáætlun - Byggðaáætlanir - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Lög um menningarminjar nr. 80/2012 - Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist - Menningarstefna í mannvirkjagerð - Kerfisáætlun Landsnets - Fjarskiptaáætlun - Rammaáætlun 	<ul style="list-style-type: none"> - Umferð - Vegalengd - Vegflokkun - Aðgengi að útivist og náttúru - Fornleifaskráning - Húsasaga - Ásýnd - Áreiðanleiki innviða

Áhrifum verður síðan gefin einkunn í matstöflum þar sem matið er skýrt nánar í texta. Skýringar á einkunnum eru sýndar á mynd 5.1.



Mynd 5.1 Skýringar á einkunnum sem sýndar eru í matstöflum.

5.3 Stefnukostir

Skilgreindir verða stefnukostir í þeim hluta matsins sem fjallar um afmarkaða hluta stefnunnar, þ.e. ákveðið landsvæði, málaflokk eða viðfangsefni, t.d. ákveðna framkvæmd. Ekki liggur fyrir nú hvaða valkosti er raunhæft að meta, þar sem stefnan og viðfangsefni liggja ekki fyrir.

Ekki er fjallað um mismunandi stefnukosti við mat á heildaráhrifum aðalskipulagsins, þ.e. samanburð við landsskipulagsstefnu og stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Hvað eru stefnukostir?

Stefnukostir eru þeir *valkostir* sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig *bornir saman* í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnst óæskilegustu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.

5.4 Gögn, aðferðir og framsetning

Margvísleg gögn um skipulagssvæðið liggja fyrir, m.a. úr núgildandi aðalskipulagi en einnig almennar opinberar upplýsingar frá fagstofnunum og upplýsingar vegna fyrri framkvæmda og fyrirhugaðra framkvæmda í sveitarfélaginu. Þessi gögn munu nýtast til að meta grunnástand umhverfisins og með samanburði við umhverfisviðmið verður hægt að meta áhrif breytinganna eins og til er ætlast.

Mat á áhrifum áætlunarinnar verður unnið samhliða og sem hluti af sjálfri skipulagsvinnunni frá upphafi. Niðurstöður umhverfismatsins, þ.e. umhverfisskýrsla, verður fléttuð saman við greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfismat aðalskipulagsins fer í hefðbundið kynninga- og umsagnaferli samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Nánar er fjallað um það í köflum 6 og 7.

6 Kynning og samvinna

6.1 Lögbundin kynning

Í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er tilgreint hvernig standa beri að kynningu aðalskipulags. Kynning fer fram á þremur stigum:

- Skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Auk þess skal hún kynnt fyrir almenningi. Nánar er fjallað um þetta í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Tillaga að aðalskipulagi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt á vinnslustigi, þ.e. áður en tillagan er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Tillagan skal einnig kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

- Að lokinni fyrrnefndri kynningu skal skipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og í framhaldi af því send Skipulagsstofnun til athugunar. Eftir afgreiðslu sveitarstjórnar auglýsir hún tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar.



Mynd 6.1 Áætlaðar tímasetningar kynninga.

6.2 Samvinna við íbúa og aðra hagsmunaaðila

Ákveðið var í upphafi skipulagsvinnunnar að hafa allt ferlið opið og gegnsætt og ganga þannig mun lengra í samráði og kynningu en krafist er í skipulagslöggjöfinni. Áhersla verður lögð á beina þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulagstillögunnar. Markmiðið er að afla sem bestra gagna og gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Til að ná þessu markmiði verður:

- Öflug upplýsingaveita á vefsíðu Bolungarvíkur. Þar verða ýmsar upplýsingar um skipulagsferlið aðgengilegar. Jafnframt verður upplýsingum miðlað á Fésbókarsíðu sveitarfélagsins.
- Sett upp sérstök vefsíða fyrir skipulagsvinnuna. Þar verða birt kort og ýmsar aðrar upplýsingar.
- Sérstakur hnappur á heimasíðunni og póstkassi á bæjarskrifstofunum til að skila inn ábendingum vegna skipulagsvinnunnar.
- Fundað með íbúum, félagasamtökum og atvinnulífnum. Hér er bæði átt við opna íbúafundi en einnig verða aðilar mögulega boðaðir til vinnufunda í smærri hópum.
- Settur á fót sérstakur hópur, svokallaður skipulagshópur, sem samanstendur af íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hópurinn verður bæjarstjórn og umhverfismálaráði til ráðgjafar og mun hann taka virkan þátt í skipulagsvinnunni undir leiðsögn ráðgjafa. Nánar er fjallað um þennan hóp í kafla 6.2.1.
- Sent dreifibréf í hús til kynningar á skipulagsvinnunni.

6.2.1 Skipulagshópur

Eins og fram kom hér að framan verður skipulagshópurinn bæjarstjórn og umhverfismálaráði til ráðgjafar í skipulagsvinnunni. Fulltrúarnir verða virkir þátttakendur í mótun stefnu fyrir Bolungarvík. Hópnum er einnig ætlað að auðvelda öflun gagna og greiningu á vandamálum og tækifærum. Skipulagshópurinn mun samþykka starfsreglur þar sem fjallað er um hlutverk, þátttöku og ábyrgð þeirra fulltrúa sem skipa hann. Fulltrúar í skipulagshópi eru málsvarar hópa eða félaga með ákveðna hagsmuni og því er ætlast til að þeir miðli upplýsingum til síns hóps eða félags og taki ákvarðanir í samræmi við það. Áhersla verður lögð á að skipulagshópurinn komist að einni sameiginlegri niðurstöðu. Þó er við því að búast að ágreiningur geti verið um afmarkaða þætti aðalskipulagsins. Ekki hefur verið skipað í skipulagshópin en óskað verður eftir fulltrúum frá atvinnulífnum, íþróttahreyfingunni, útivistarfélögum en einnig frá öðrum félögum sem tengjast félagsmálum og öðrum hagsmunamálum íbúa. Gert er ráð fyrir að hópin skipti fulltrúar eftirtalinna aðila:

- Formaður umhverfismálaráðs
- Félagsmál og íbúar
 - Foreldrafélög grunnskóla og leikskóla
 - Félag eldri borgara
 - Hreyfihamlaðir
- Íþrótt- og útivistarfélög
 - HSB / UMFB
 - Hestamannafélagið Gnýr
 - Heilsubærinn Bolungarvík
- Ferðapjónusta
 - Ferðamálasamtök Bolungarvíkur
- Land- og húseigendur í Skálavík
- Bændur og aðrir landeigendur

- Fyrirtæki í sjávarútvegi
- Skógræktarfélagið



Mynd 6.2 Skipulagshópur samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga, íbúa, félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila. Á bak við hvern fulltrúa stendur hópur með sameiginlega hagsmuni.

7 Skipulagsferlið

Skipulagsferlið verður eins og skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kveða á um. Þegar sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um gerð aðalskipulags ber skipulagsnefnd að vinna lýsingu á skipulagsverkefninu, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati áætlunarinnar. Sveitarstjórn kynnir lýsingu fyrir almenningi, m.a. með auglýsingu í fjölmiðlum og á íbúafundi. Jafnframt leitar hún umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila (mynd 7.1).

Síðar, á vinnslustigi, kynnir sveitarstjórn skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum, aðliggjandi sveitarfélögum, og öðrum hagsmunaaðilum, t.d. á opnum fundi. Viðbrögð við kynningunni kalla mögulega á breytingar á skipulagstillögunni.

Þá samþykkir sveitarstjórn tillöguna og umhverfisskýrslu (umhverfismat hennar). Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar auglýsir sveitarstjórn

skipulagstillöguna í Lögbirtingarblaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Auglýsingatími skal vera að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu vera aðgengileg hjá sveitarfélaginu og á netinu. Sveitarstjórn mun einnig senda umsagnaraðilum skipulagstillöguna og gefa þeim kost á að koma með athugasemdir. Almennur og aðrir hagsmunaaðilar geta gert athugasemdir innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í auglýsingunni.

Að athugasemdafresti loknum fjallar sveitarstjórn um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu. Sveitarstjórn fjallar um málið og afgreiðir það, mögulega með breytingum vegna athugasemda á auglýsingatímanum. Sveitarstjórn skal auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim sem gerðu athugasemdir umsögn um þær. Skipulagsstofnun staðfestir svo skipulagið og auglýsir það í B-deild Stjórnartíðinda.


Nánar var fjallað um samvinnu og samráð í kafla 6.2.



Mynd 7.1 Helstu verkþættir við gerð aðalskipulags Bolungarvíkur.

7.1 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst í apríl 2019 og drög að skipulagstillögu kynnt á vinnslustigi í nóvember 2019. Þegar bæjarstjórn og Skipulagsstofnun hafa samþykkt skipulagstillöguna og umhverfismat áætlunarinnar verða þær auglýstar og gefst þá almenningi, hagsmunaaðilum, nærliggjandi sveitarfélögum og fagstofnunum kostur á að gera athugasemdir við þær. Áætlað er að skipulagið verði auglýst í mars 2020 og að aðalskipulagið taki gildi um sumarið sama ár.



Mynd 7.2 Helstu verkþættir og tímaáætlun í aðalskipulagsvinnunni.

7.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Bæjarstjórn leitar umsagnar á tveimur stigum eins og fram hefur komið. Annars vegar vegna lýsingarinnar og hins vegar þegar drög að tillögu verða kynnt á vinnslustigi. Að auki munu umsagnaraðilar fá ábendingu um auglýsingu aðalskipulagsins. Umsagnaraðilar eru tilgreindir hér til hliðar.

Umsagnaraðilar

Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Minjastofnun
Orkubú Vestfjarða
Landsnet
Vegagerðin
Isavia
Kirkjugarðaráð
Veðurstofa Íslands
Ísafjarðarbær
Náttúrufræðistofnun
Ferðamálastofa
Orkustofnun
Samgöngustofa
Fiskistofa
Skógræktin
Landgræðsla ríkisins
Fjórðungssamband Vestfirðinga
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Míla